

67. stjórnarfundur haldinn á Hótel Geirlandi Kirkjubæjarklaustri 22. apríl 2013

Mætt: Kristveig Sigurðardóttir, Rósa Björk Halldórsdóttir, Böðvar Pétursson, Björn Ármann Ólafsson, Reynir Arnarson, Elín Heiða Valsdóttir, Sigrún Helgadóttir og Snorri Ingimarsson og einnig Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri.

Fundur hófst kl.10:30

1. *Samþykki dagskrár*

Samþykkt með smávægilegum breytingum

2. *Fundargerð síðasta fundar*

Lögð var fram eftirfarandi breyting á bókun frá fundi svæðisráðs vestur þann 21.mars 2013; en á síðasta fundi stjórnar höfðu drög að fundargerð svæðisráðs verið kynnt stjórn. Bókunin í staðfestri fundargerð svæðisráðs er svohljóðandi: *KÓ óskaði bókað „að hann sé mótfallinn því að banna akstur í Vonarskarði yfir sumarmánuðina, en geti fallist tillögu svæðisráðsins frá 31.mars 2010 um að akstur um svæðið verði leyfður frá 1. september og fram á vor“.*

3. *Fundargerðir stjórnarfunda*

Full sátt er um samþykkt ferli um frágang fundargerða stjórnarfunda.

4. *Stjórnunar- og verndaráætlun;*

Tillaga stjórnar að breytingum á Stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins, var auglýst til athugasemda þann 27. mars með tímafresti til og með 10. maí n.k.

Breytingarnar hafa verið kynntar í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Þegar athugasemdafrestur rennur út þarf að vinna úr þeim, áður en endanleg tillaga stjórnar verður send umhverfis- og auðlindaráðherra til undirritunar. Stjórn gerir ráð fyrir að fá úrvinnslu athugasemda til skoðunar a.m.k. viku fyrir næsta stjórnarfund og á þeim fundi er stefnt að því að endanleg tillaga að breytingum á Stjórnunar- og verndaráætluninni liggi fyrir.

Varðandi breytingu á reglugerð Vatnajökulspjóðgarðs, sem einnig hefur verið kynnt ráðuneytinu, verður hún unnin samhliða breytingu á Stjórnunar- og verndaráætluninni og endanleg breyting reglugerðarinnar auglýst samhliða auglýsingu hennar.

5. *Atvinnustefna*

Fyrir liggur ný útgáfa af atvinnustefnu fyrir þjóðgarðinn dagsett 17. apríl 2013.

Farið yfir hana og samþykkt að fara í næstu skref þ.m.t. hagsmunaaðilagreiningu og skilgreiningu á samráði. Nokkuð var rætt um Vakann og framkvæmdastjóra falið að kanna hvort hægt væri að fá kynningu á kerfinu á næsta stjórnarfundum.

6. *Fjármál*

- Áætluð rekstrarniðurstaða; 3ja mánaða yfirlit; jan-mars 2013- kynning*

Niðurstaða rekstrar er sú að í heild er hann innan áætlunarinnar.

7. *Fundur með svæðisráði vestur*

- Þjóðgarðsvörður vestursvæðis – kynnti helstu rekstrar- og framkvæmdamál 2012 og starfið framundan 2013 svo og TRI-umsókn.

Stjórn fagnar samstarfi við rannsóknar- og háskólasamfélagið enda er það afar mikilvægt fyrir þjóðgarðinn.

- Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri

Rædd framvinda verkefnisins fram til þessa, í fyrsta lagi hvað varðar bygginguna sjálfa svo og farið yfir stöðu og framhald undirbúnings að samkeppni um sýningu í væntanlegri gestastofu þjóðgarðsins í byggingunni.

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs fagnar fyrirhugaðri byggingu þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri. Afar mikilvægt er að vel takist til við allan undirbúning þess, byggingu og rekstur. Tillaga að setrinu er frá heimamönnum komin og höfðu þeir unnið mikla forvinnu að því áður en hugmyndin var kynnt stjórnvöldum. Stofnaður hefur verið þriggja manna stýrihópur um uppbyggingu setursins. Meginverkefni stýrihópsins er frumathugun sem felst meðal annars í því að staðfesta hverjir verði notendur byggingarinnar, ákvarða endanlega staðsetningu hennar og vinna kostnaðarmat. Stjórnfyrrirkomulag Vatnajökulsþjóðgarðs byggir á nánu samstarfi við heimamenn og hefur það reynst ákaflega vel. Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs telur mikilvægt að það sama eigi við um allan undirbúning þekkingarsetursins. Þess vegna leggur stjórnin áherslu á beint aðgengi væntanlegra notenda þekkingarsetursins, þar með talið til þjóðgarðsvarðar vestursvæðis, að stýrihópnum og gott upplýsingastreymi á undirbúningsstigum verkefnisins. Bygging þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri er stór framkvæmd sem margir íbúar sveitarfélagsins hafa miklar væntingar til. Miklu skiptir því fyrir ímynd Vatnajökulsþjóðgarðs á svæðinu sem stærsta og leiðandi notanda þekkingarsetursins að engir hnökrar verði á samskiptum milli aðila sem málið varðar.

Varðandi hugmyndasamkeppni um sýningu í þekkingarsetrinu kom fram spurning frá stjórnarmönnum um það hvort eitthvað væri því til fyrirstöðu að auglýsa samkeppnina nú á vordögum. Með því að auglýsa í vor myndi þátttakendum í keppninni gefast kostur á að heimsækja í sumar landsvæðin sem eru undir í sýningunni. Þjóðgarðsverði falið að kanna málið.

Böðvar vék af fundi kl. 15:20

8. *Svæðisráð-fundargerðir*

- austursvæði; 14. feb. og 21.mars 2013
- vestursvæði; 21. mars 2013

9. *Verkefnalisti – staða*

Farið yfir þau verkefni sem bæst hafa við frá síðustu útgáfu.

10. *Önnur mál*

- *Endurskoðun stjórnfyrikomulags Vatnajökulshjóðgarðs*

Starfshópur um endurskoðun á stjórnfyrikomulagi þjóðgarðsins mun nú vera að skila tillögum sínum til ráðherra.

- *Atburðir v/ 5 ára afmælis*

Norðursvæði: á næsta svæðisráðsfundi verður tekin ákvörðun um atburð.

Austursvæði: málið er í skoðun.

Suðursvæði: opnun gestastofu í Gömlubúð á Höfn, föstudaginn 7. júní.

Vestursvæði: málið er í skoðun.

Höfuðborgarsvæðið: málið í skoðun.

- *IPA-styrkumsókn*

Þegar auglýst var opnun á umsóknir um IPA-styrki, ákvað þjóðgarðurinn að vinna umsókn ásamt fleirum, sem nú hefir verið samþykkt. Framundan er að ganga frá samningi um verkefnið og lýkur þeirri vinnu vonandi í næsta mánuði. Verkefnið gæti hafist í sumar og er áætlað að það standi yfir og ljúki á tveimur árum. Vatnajökulshjóðgarður, sem aðalumsækjandi og ábyrgðaraðili verkefnisins, mun bera ábyrgð gagnvart styrkveitanda, bæði á framvindu verkefnanna sem samþykkt hafa verðið, svo og ber stofnunin ábyrgð á allri fjármálaumsýslu þess. Við því þarf að bregðast m.a. með ráðningu starfsfólks.

- *Vinir Vatnajökuls*

Rætt hefur verið um frekari aðkomu Vinanna, m.a. að hugmyndasamkeppni um sýningu í væntanlegri gestastofu á Kirkjubæjarklaustri.

- *Vegagerð; Dettifossvegur*

Borist hefur bréf frá Vegagerðinni vegna mögulegra hraðatakmarkana á þeim hluta vegarins, sem er innan þjóðgarðsins. Óskað verði eftir að þjóðgarðurinn fái til skoðunar gögn um sjónræn áhrif og hljóðáhrif frá veginum á svæði innan þjóðgarðsins.

Stefnt að því að fá vegamálastjóra á næsta stjórnarfund m.a. til að ræða almennt um veghald í þjóðgarðinum.

- *Erindi Einars K. Haraldssonar um Vonarskarð ofl.*

Stjórnarformaður hefur svarað tölvuskeyti frá Einari sama efnis.

Framkvæmdastjóra falið að svara bréfi Einars bréflega.

- *Rannsóknarskýrsla um Vonarskarð; efnisleg umfjöllun og athugasemdir*

Tekin var efnisleg umræða um athugasemdir sem hafa borist. Rögnvaldur Ólafsson, einn af höfundum rannsóknarskýrslunnar, var í síma og sat fyrir svörum.

- *Önnur mál*

Rætt um að skoða með að halda í haust málþing um þjóðgarða og friðlýst svæði í haust. Rætt verði við ráðuneytið. Mikilvægt er að byrja á að fá alla hlutaðeigandi aðila til skoða málið saman.

11. *Næsti stjórnarfundur verður 29. maí í Reykjavík*

Fundi slitið kl.17:00